



Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun FSN

1. Jafnréttisstefna Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Síðast breytt: nóvember 2023

Jafnréttisstefna Fjölbrautaskóla Snæfellinga er mótuð í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 150 29. desember 2020. Markmið hennar er að stuðla að jafnrétti kynja í skólanum, jafnri stöðu og virðingu kynjanna innan skólans, enn fremur til að minna stjórnendur, nemendur og starfslið skólans á mikilvægi þess að allir fái notið hæfileika sinna.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur í heiðri þau gildi að mikilvægt sé að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu, starfshæfni og viðhorfum alls starfsfólks og nemenda. Í öllu starfi skólans skal markvisst unnið gegn viðhorfum sem leiða til hverskonar aðstöðumunar hvort sem byggt er á aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum eða þjóðerni er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast og skal vinna markvisst gegn slíkri mismunun.

Engum skal mismunað í skólanum, hvort sem er á grundvelli aldurs, kyns, búsetu, fötlunar, kynhneigðar, lífsskoðunum, trúarbrögðum, þjóðerni, menningu eða stéttar og skal þess gætt að í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Námsefni skal vera með því móti að engum sé mismunað. Fræðsla um jafnréttismál nái til allra nemenda skólans og vinna skal að því að draga úr kynjaskiptu námsvali. Í náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna öllum nemendum störf og nám þvert á hefðbundnar hugmyndir.

2. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun FSN er verkfæri til þess að útfæra jafnréttisstefnu skólans með markvissum hætti. Í fyrri hluta jafnréttisáætlunarinnar er fjallað um skólann sem menntastofnun og í þeim síðari um skólann sem vinnustað starfsfólks. Henni fylgir síðan aðgerðaráætlun fyrir næstu skólaár.

Jafnréttisnefnd FSN er ábyrg fyrir að jafnréttisáætluninni sé fylgt. Í jafnréttisnefnd situr jafnréttisfulltrúi, skólameistari og tveir fulltrúar starfsfólks og tveir fulltrúar nemenda. Fulltrúar starfsfólks eru kosnir á fyrsta starfsmannafundi á nýju skólaári. Á tveggja ára fresti eru kosnir tveir einstaklingar úr hópi annarra starfsmanna til að skoða framkvæmd áætlunarinnar og gera nýja.



2.1. FSN sem menntastofnun

Nauðsynlegt er að starfsfólk gefi gott fordæmi, að það sé fyrirmyndir og stuðli að jafnrétti í orði og verki. Í skólastofunni er mikilvægt að kennari leggi fyrir fjölbreyttar gerðir verkefna sem höfða til mismunandi nemendahópa. Kennarinn verður að vera meðvitaður um þann fjölbreytileika sem kann að vera til staðar í nemendahópnum og að allir séu virkjaðir í náminu. Í námsgreinum þar sem einu kyni gengur almennt betur skal markvisst reynt að nota aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða.

2.2. Samvinna og sjálfstæði kynjanna

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu allra. Áhersla er lögð á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Leitast er við að haga kennsluáðferðum þannig að kynjum sé ekki mismunað á nokkurn hátt.

Að tryggja jafna aðstöðu allra til náms

Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um fjölbreytileika einstaklinga og taki tillit til þess bæði í efnisvali og kennsluáðferðum. Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að höfða til eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynja. Brynt er að kennarar og starfsmenn séu vakandi fyrir að vinna gegn fordómum sem stuðla að misrétti.

Kennarar skulu vera vakandi fyrir því hvort halli á nemendur vegna einhverra eiginleika þeirra varðandi framkomu í þeirra garð, að öllum sé sinnt nægilega vel og þeim kennt af jafnmikilli dýpt og sérhæfingu. Starfsfólk skal reglulega fá fræðslufundi og námskeið sem snerta jafnréttismál.

Fræðsla fyrir nemendur. Nemendur skulu fá fræðslu um jafnrétti kynja. Í þeirri fræðslu skal leggja áherslu á styrkleika kynja, skyldur og réttindi, sem og mismunun byggðri á kyni. Unnið skal markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum. Nemendur fá þjálfun í að vinna gegn hverskonar misrétti.

Einelti og kynferðisleg áreitni. Auka skal fræðslu um einelti, kynbundna- og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allir nemendur séu meðvitaðir um slík málefni og geti greint slík mál og brugðist við þeim. Þegar slík mál koma upp skulu þau fara í sama farveg og eineltismál.

2.3. FSN sem vinnustaður starfsfólks.

2.3.1. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Starfsmönnum skulu greidd jöfn laun fyrir sams konar vinnu óháð kyni og skulu þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Einnig skulu þau njóta sömu kjara



hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár sbr. 14 gr. laga nr. 96/2000 og gildandi kjarasamninga hverju sinni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur, karlar og kvár fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.	Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða. Leiðrétta launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum starfsfólks út frá kyni. Jafnlaunavottun.	Stjórnendur og umsjónarmenn jafnlaunakerfis	Laun eru greind árlega í desember í launagreiningu sem er framkvæmd af umsjónaraðilum jafnlaunakerfis FSN fékk jafnlaunavottun í mars 2020 og endurvottun í mars 2023

2.4. Ráðningar, starfsþjálfun og endurmenntun

Skv. 12. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 skal „starf sem laust er til umsóknar standa opið jafnt konum, körlum og fólki með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá.“

Hafa skal öll kyn í huga þegar störf eru auglýst og leitast við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt. Skal sérstaklega hvetja þá sem tilheyra því kyni sem hallar á til þess að sækja um störf sbr. 26. grein laga nr. 150 29. desember 2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum. Tryggt verði að allir njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða undirbúnings öðrum störfum.



Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Að laus störf innan skólans standi opin bæði konum, körlum og kvárum.</p> <p>Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.</p>	<p>Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum og skiptingu á persónu- og tímabundnum þáttum.</p> <p>Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.</p> <p>Allir eru hvattir til þess að sækja um óháð kyni.</p>	<p>Skólameistari.</p>	<p>Lokið í febrúar ár hvert.</p> <p>Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.</p>
<p>Að tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum.</p>	<p>Árleg greining á ásókn fólks í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.</p> <p>Leiðrétta ef fram kemur óútskýranlegur munur milli kynja á sókn í endurmenntun og starfsþjálfun.</p>	<p>Skólameistari og mannauðsstjóri.</p>	<p>Lokið í apríl ár hvert.</p>

2.4 Starfsframi, verkefni og ábyrgð

Allir skulu hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsmanna. Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------



Að tryggja að kynjahlutfall þeirra sem sinna persónu- og tímabundnum þáttum sé jafnt	Allir persónu- og tímabundnir þættir séu auglýstir og allt starfsfólk sé hvatt til að sækja um.	Skólameistari	Auglýsing í upphafi hverrar annar
--	---	---------------	-----------------------------------

2.5. Samræming fjölskyldulífs og starfs/náms

21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs „Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum, körlum og kvárum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.”

Stefnt skal að því að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Að koma á kerfi sveigjanlegs og	Kynna kerfi sveigjanlegs vinnutíma og stefnu skólans hvað varðar samræmingu fjölskyldu- atvinnulífs.	Skólameistari og mannauðsstjóri.	Kynning í september ár hvert.



fyrirsjáanslegs vinnutíma.			
Að foreldrar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi forelda- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir starfsfólki og þá sérstaklega varðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem að hefur gagnvart vinnustaðnum.	Mannauðsstjóri og skólameistari.	Kynning í september ár hvert.

2.6. Einelti og kynferðisleg áreitni

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni „Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Auka skal fræðslu um einelti, kynbundna- og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk sé meðvitað um slík málefni og geti greint slík mál og brugðist við þeim. Þegar slík mál koma upp skulu þau fara í sama farveg og eineltismál.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og/eða kynferðislegri áreitni.	Allt starfsfólk skólans fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.	Jafnréttisnefnd og skólameistari.	Lokið í september ár hvert og síðan fylgt eftir allt skólaárið.



<p>Að í skólanum sé til forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.</p> <p>Að starfsfólk skólans viti hvert skal leita ef það verður fyrir eða verður vitni að kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og/eða kynferðislegri áreitni.</p>	<p>Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir öllu starfsfólki.</p> <p>Í forvarnar og viðbragðsáætluninni kemur skýrt fram hvert skal leita ef slík mál koma upp.</p>	<p>Eineltisteymi og skólameistari</p> <p>Eineltisteymi og skólameistari</p>	<p>Kynnt í upphafi hverrar annar</p> <p>Kynnt í upphafi hverrar annar</p>
--	---	---	---

2.7.Nemendur

22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni „Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------



<p>Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum.</p> <p>Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. er lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu.</p>	<p>Stjórnendur og kennarar sækja námskeið í sambættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða.</p> <p>Fræðsla til kennara um hvernig hægt sé að flétta jafnréttisfræðslu inn í námsgreinar á öllum skólastigum.</p> <p>Kynjafræði er í kjarna allra brauta og því skylda.</p>	<p>Skólameistari og jafnréttisnefnd.</p> <p>Jafnréttisnefnd og skólameistari</p>	<p>Áframhaldandi verkefni hvers skólaárs</p>
<p>Kennslu og námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað.</p>	<p>Námsefni hvers stigs yfirfarið m.t.t. jafnréttis.</p>	<p>Fagstjórar og aðstoðarskólameistari</p>	<p>September og janúar ár hvert.</p>
<p>Markvisst unnið gegn kynbundnu náms- og starfsvali.</p> <p>Nemendur hljóti fræðslu og ráðgjöf varðandi nám og störf óháð kyni.</p>	<p>Náms- og starfsfræðsla með áherslu á að vinna gegn neikvæðum staðalmyndum, svo sem um hlutverk kvenna og karla.</p>	<p>Námsráðgjafi.</p>	<p>Áframhaldandi verkefni hvers skólaárs</p>



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Jafnréttisáætlun Fjölbrotaskóla Snæfellinga skal metin og endurskoðuð á tveggja ára fresti, næst á vorönn 2025.